



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2026

ÍSLE2BV05
Bókvit

Kennarar	Birgir Aðalbjarnarson birgira@fsu.is Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir res@fsu.is Puríður M. Björnsdóttir thuridur@fsu.is
----------	--

Áfangalýsing

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur nái grunnfærni í bókmenntahugtökum og bókmenntasögu. Nemendur kynnst bókmenntum og hvernig samfélagið mótar þær, frá upphafi Íslandsbyggðar til nútímans. Lesin verða sýnishorn úr íslenskum bókmenntum, Gylfaginning Snorra-Eddu, Íslendingasagan Gunnlaugs saga ormsungu og skáldsagan Náðarstund. Unnin verða fjölbreytt verkefni sem krefjast sjálfstæðra og vandaðra vinnubragða.

Undanfari: ÍSLE2OS05

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- hugtökum og heitum í bókmenntafræði
- helstu straumum og stefnum í bókmenntasögu
- lykilverkum hvers tímabils

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- greina myndmál og stílbrögð í ljóðum og öðrum textum
- lesa sér til gagns bókmenntaverk frá ýmsum tímabilum
- beita gagnrýninni hugsun við vinnslu verkefna þar sem skoðanir hans koma fram
- nota á markvissan hátt viðeigandi hjálpargögn við frágang ritsmíða
- draga saman og nýta upplýsingar úr ólíkum heimildum og tengja við eigin skoðanir
- flytja af nokkru öryggi mál sitt frammi fyrir hópi fólks

Hæfniviðmið

Nemandi skal í lok áfanga geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- túlka bókmenntatexta og kafa undir yfirborð hans til að leita dýpri merkingar
- vinna skapandi verkefni í tengslum við bókmenntir, menningu og þjóðfélag hvers tímabils
- beita skýru og vönduðu máli í ræðu og riti
- taka þátt í málefnalegum umræðum og byggja upp skýra röksemdafærslu
- tjá afstöðu og efasemdir um efni og komast að niðurstöðu

Námsefni

Gunnlaugs saga ormstungu. (1993). Eiríkur Guðmundsson, Jón Árni Friðjónsson og Steingrímur Bragason (bjuggu til prentunar, 2. prentun). IÐNÚ.

Kent, H. (2022). *Náðarstund* (Jón St. Kristjánsson þýddi, endurprentun). JPV-útgáfa.

Snorra-Edda á nútímaíslensku. (2023). Bjarki Bjarnason (sneri til nútímamáls). Óðinsauga.

Annað efni kemur frá kennara.

Námsmat

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Snorra-Edda	Ritun 10% og próf 15%.	25%
Gunnlaugs saga ormstungu	Próf 10% og verkefni 10%.	20%
Framsögn	Leikhúsferð – verkefnavinna 10%.	10%
Bókmenntafræði	Próf 20%.	20%
Náðarstund	Próf 10% og tímaritgerð 10% (lágmarkseinkunn 5).	20%
Virkni og ástundun		5%
Samtals		100%

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil

Dags.	Viðfangsefni
5. - 9. janúar Kennsla hefst 8. janúar	Kynning áfanga/Snorra-Edda (25%). Snorra-Edda, bls. 13-42. Sköpunin, gangur himintunglanna og askur Yggdrasils.
12. - 16. janúar	Snorra-Edda, bls. 13-42. Sköpunin, gangur himintunglanna og askur Yggdrasils. Efninu komið á myndrænt form og það kynnt.
19. - 23. janúar	Ritun , 300-400 orð (Turnitin). Áhersla á heimildanotkun og byggingu texta. Snorra-Edda, bls. 43-76. Goðin; ritun, verkefni o.fl.
26. - 30. janúar	Snorra-Edda, bls. 76-114. Sögur af goðunum.
2. - 6. febrúar	Snorra-Edda. Próf (15%). Rituninni skilað (10%).
9. - 13. febrúar	Bókmenntasaga: Landnámsöld og Þjóðveldisöld.
16. - 20. febrúar Miðannarmat	Gunnlaugs saga ormstungu (20%); Inngangur og 1.-8. kafli. Bls. 9-57. Próf í fyrri tímanum.
23. - 27. febrúar 23. - 24. vorfrí	Gunnlaugs saga ormstungu; 9.-13. kafli. Bls. 58-98. Próf í fyrri tímanum.
2. - 6. mars	Gunnlaugs saga ormstungu; verkefnavinna. Hefja lestur á Náðarstund heima.
9. - 13. mars 11. valdagur	Leikhúsferð – framsögn (10%). Náðarstund; bls. 9-122. Verkefnavinna.
16. - 20. mars 18. - 20. Kátir dagar og Flóafár	Náðarstund (20%); bls. 123-234. Verkefnavinna.
23. - 27. mars	Náðarstund; bls. 235-348. Próf.
30. mars - 3. apríl Páskafri	Páskafri
6. - 10. apríl 6. apríl annar í páskum	Náðarstund – tímaritgerð.
13. - 17. apríl	Bókmenntasaga: Lærdómsöld og upplýsingaröld.
20. - 24. apríl 23. sumardagurinn fyrsti	Bókmenntasaga: Upplýsingaröld og rómantík.
27. apríl - 1. maí 1. verkalýðsdagurinn	Bókmenntasaga: Rómantík og raunsæi.
4. - 8. maí	Bókmenntasaga: Raunsæi. Próf (20%).
11. - 15. maí 13. síðasti kennsludagur 14. uppstigningardagur	Lokahnykkur

Sérreglur áfangans

- Nemendur þurfa að gera skil á verkefnum í öllum námsþáttum til þess að ná áfanganum.
- Ætlast er til að nemendur vinni jafnt og þétt alla önnina. Gert er ráð fyrir því að nemendur komi undirbúnir í kennslustundir.
- Ef nemandi kemst ekki í kennslustund ber hann sjálfur ábyrgð á því að fylgjast með kröfum um heimanám, próf og verkefnaskil. Oftast má sjá slíkt á INNU. Nemandi sem missir af prófi eða verkefni vegna veikinda ber sjálfur ábyrgð á því að óska eftir sjúkraprófi og skal hafa frumkvæði að því um leið og mætt er að nýju.
- Aldrei eru leyfð meira en tveggja daga sein skil á verkefnum.
- Allir nemendur eru skráðir í INNU og þurfa því að hafa aðgang að tölvu í tímum.
- Öllum verkefnum skal skila á tilsettum tíma, tölvuunnum sé farið fram á það. Nemandi sem ekki skilar verkefni eða mætir ekki í próf fær einkunnina núll. Einungis þeir sem eru löglega fjarverandi fá að taka sjúkrapróf.

Reglur um svindl og notkun gervigreindar

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/reglur-um-svindl-i-verkefnum-og-profum>

Ef grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi.

Sömu reglur gilda um notkun gervigreindar við skrif og gilda um heimildaskráningu almennt. Reglur um heimildaskráningu má finna á heimasíðu skólans.

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/heimildaskraning-leidbeiningar>

Námsmats- og prófsýningardagur

Námsmats- og prófsýning er mikilvægur hluti af náminu því þar fær nemandi:

- tækifæri til að sjá hvernig gekk.
- útskýringu á námsmati hvort sem um lokapróf eða símat er að ræða.
- ráðleggingar sem geta nýst í áframhaldandi námi.
- tækifæri til að gera athugasemd við niðurstöðu námsmatsins.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfossi, 6. janúar 2026, íslenskukennarar.